

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1144	Strandgötu 1				
Arnarlax ehf. - Patreksfjörður og Tálknafjörður	465 Bíldudalur				
Tílefni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Annað	27.5.2025	30.5.2025	13	0	0

Skoðuð voru og tekin afstaða til 4 skoðunatriða af 22. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 4 skoðunatriðum, þar af 0 Alvarleg frávik og 4 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarlegt frávik	Frávik
	4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks
	4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk
	5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)
	5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstrarleyfi>20.tonn)

Niðurstaða eftirlits

Matvælastofnun barst tilkynning um tjón á búnaði á eldissvæði Arnarlax að Vatneyri í Patreksfirði fimmtudaginn 20. mars 2025. Um var að ræða gat á nót í kví númer 6. Gatið uppgötvaðist við reglubundið neðansjávaleftirlit og var viðgerð lokið samdægurs. Samkvæmt upplýsingum Arnarlax var gatið um 50x25 cm rífa á 20 metra dýpi. Í þessari tilteknu kví voru 117.133 laxar með meðalþyngd u.þ.b. 3kg. Neðansjávaleftirlit var síðast framkvæmt 23. febrúar sl. og var nótarþoki þá heill.

Matvælastofnun hóf þegar rannsókn málsins og fyrirskipaði að kafað yrði í allar eldiskvíar á eldissvæðinu til að ganga úr skugga um að sambærileg göt væru ekki til staðar á öðrum eldiskvíum. Auk þess fyrirskipaði stofnunin að kafað yrði undir þessa tilteknu eldiskví í leit að mögulegum stroklax. Lögð voru út net í grennd við eldiskví í samráði við Fiskistofu til að fanga mögulegan stroklax. Enginn lax veiddist í net eða sáust við köfun undir kví.

Niðurstaða rannsóknar Matvælastofnunar er að óverulegar líkur eru á að stök eldislaxa hafi átt sér stað en stofnunin hefurathugasemdir við ákveðna þætti sem tengjast viðbrögðum rekstraraðila við atvikinu, m.a. hvað varðar þjálfun starfsfólks, ófullnægjandi viðbragðsáætlun um stök og ófullnægjandi sannprófun rekstraraðila á atvikinu.

Matvælastofnun varð þess áskynja við rannsókn málsins að ákveðins misræmis gætti ínnsendumgögnum frá rekstraraðila m.a. hvað varðar tímasetningar á útsetningu neta. Matvælastofnun bendir á mikilvægi þess að skráningar séu gerðar í rauntíma og réttar og áreiðanlegarupplýsingar séu veittar til stofnunarinnar við rannsókn mála.

Matvælastofnun kallar eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávika í eftirlitsskýrslu þessari.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Andmæli berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjalddóku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 590/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Starfsstöð

Arnarlax ehf. - Patreksfjörður og Tálknafjörður
Strandgötu 1
465 Bíldudalur
Staða: Í gildi
Kennitala: 5803100600

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi - 1

Tengiliðir

Silja Baldvinsdóttir	6167815	silja@arnarlax.is	Gæðastjóri
Fjarðalax ehf.	004795820104	ron@arnarlax.is	Yfirmaður sjóðeildar
Hjörtur Methúsalemsson	8667803	hjortur@arnarlax.is	Verkefnastjóri

4 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

4.3 - Strok

45.gr. og viðauki IV. í reglugerð nr. 540/2020

4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks

Frávik

Sett inn: 27.05.2025

Við rannsókn málsins kallaði Matvælastofnun eftir viðbragðsáætlun rekstraraðila um strok. Við yfirferð á viðbragðsáætluninni kom í ljós að hún er ekki nægjanlega ítarleg og þarfnast endurskoðunar.

Matvælastofnun gerir athugasemdir við eftirfarandi atriði í viðbragðsáætluninni.

1. Viðbrögðum er ekki nægjanlega vel lýst. Þannig er óljóst hvernig koma eigi í veg fyrir að meira af laxi sleppi komi til tjóns, hvernig leggja beri net til að veiða storku lax og hver tekur ákvörðun um slíkt.
2. Nauðsynlegum útbúnaði er ekki lýst í viðbragðsáætluninni og ljóst að viðmið varðandi stærð neta skortir. Þannig voru t.d. of lítil net lögð út í umrætt sinn fyrir þann fisk sem var í eldiskvínni og voru stærri net ekki lögð út fyrr en degi síðar eftir ábendingar frá Fiskistofu.
3. Uppfæra þarf eftirfarandi atriði í viðbragðsáætlunni:

- Ekki þarf að vera til staðar rökstuddur grunur um strok heldur er nægjanlegt að til staðar sé grunur.
- Netfang sem senda á tilkynningar til Matvælastofnunar er fiskeldi@mast.is
- Í tilvísun á bls. 3 er vísað til viðauka IV og er texti límdur inn í viðbragðsáætlunina. Búið er að uppfæra fyrrnefndan texta í reglugerðinni sem vísað er til og þarfnast hann uppfærslu í viðbragðsáætlunni.

4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk

Frávik

Sett inn: 27.05.2025

Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008 skal hver eldisstöð eiga og viðhalda nauðsynlegum búnaði til þess að veiða fisk sem strýkur. Net eru nauðsynlegur búnaður til að veiða fisk og skv. viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 en ljóst er að ein stærð neta dugar ekki fyrir allar stærðir laxa. Rekstrarleyfishafa ber að hafa aðgengileg á eldisstöðinni net með möskvastærð sem hæfir stærð laxa hverju sinni.

Þegar net voru lögð á Vatneyri í kjölfar þess að gat á kvínni uppgötvaðist kom í ljós sólarhring síðar að möskvastærð þeirra neta sem voru til staðar á eldisstöðinni og lögð voru út reyndust vera of lítil fyrir þann fisk sem var í eldiskvínni.

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

47. - 50.gr. og viðauki III. í reglugerð nr. 540/2020

5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)

Frávik

Sett inn: 27.05.2025

Við rannsókn málsins kallaði Matvælastofnun eftir upplýsingum um nöfn áhafnar á þjónustubátnum sem var á staðnum þegar ljóst var að gat væri á nóttinni. Jafnframt var óskað eftir þjálfunarskrá viðkomandi starfsmanna.

Matvælastofnun barst ekki þjálfunarskrá einstaka starfsmanna heldur var límt inn í tölvupóst skjáskot af myndum af námskeiðum nafngreindra starfsmanna sem virðast vera úr gæðakerfi rekstraraðila. Af þessum gögnum var ekki hægt að meta starfsaldur starfsmanna en ljóst að þeir höfðu allir unnið hjá rekstrarleyfishafa lengur en svo að þeir hefðu átt að hafa lokið nýliðaðþjálfun.

Samkvæmt viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 undir liðnum *þjálfun*, kemur fram að með nýliðaðþjálfun skal tryggt að starfsmaður hafi enn fremur lokið eftirfarandi þjálfun:

- *Varnir gegn stroki; helstu ástæður fyrir stroki og hvernig best er að koma í veg fyrir þær.*
- *Viðbrögð við stroki.*

- Meðhöndlun eiturefna þegar það á við.
- Þekkingu á verklagsreglum, viðbragðsáætlunum og innra eftirliti sem hann vinnur við.

Enn fermur eiga starfsmenn að hljóta þjálfun í að hindra strok og virkja viðbragðsáætlun ef það gerist, að lágmarka umhverfisáhrif og að tryggja velferð eldisdýra.

Af upplýsingum um þjálfun þeirrar áhafnar sem var við vinnu umræddan dag er ljóst að einn starfsmaður hefur einungis fengið þjálfun í meðhöndlun efna en enga aðra þjálfun sem gerð er krafa um. Þá er ljóst að aðrir starfsmenn hafa ekki fengið þjálfun í viðbrögðum við stroki einungis vörnum gegn stroki. Enginn af áhöfninni hafði lokið þjálfun í velferð eldisdýra.

Þjálfun þeirrar áhafnar sem var við störf umræddan dag er því verulega ábótavant.

5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstrarleyfi>20.tonn)

Frávik

Sett inn: 27.05.2025

Við rannsókn málsins kallaði Matvælastofnun eftir sannprófun atviksins á grundvelli viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Rekstrarleyfishafi sendi sannprófun sem dagsett er þann 12. maí 2025.

Matvælastofnun telur sannprófun atviksins ekki fullnægjandi.

Ljóst er af umfjöllun í eftirlitsskýrslu þessari undir lið 5.1.2 þjálfun starfsfólks að þjálfun starfsfólks er verulega ábótavant. Í sannprófun telur rekstrarleyfishafi að þjálfun starfsfólks umrætt sinn vera í lagi þar sem fjórir af fimm starfsmönnum sínum umræddan dag hefðu lokið námskeiði í forvörnum slyasleppinga. Matvælastofnun bendir á að eðlismunur er á þjálfun í forvörnum við stroki og viðbrögðum við stroki og þeir starfsmenn sem voru við vinnu umrætt sinn höfðu ekki lokið þjálfun í viðbragði við stroki sem einmitt er það viðbragð sem virkja þurfti þegar var ljóst að gat var á umræddri eldiskví. Þá höfðu starfsmenn ekki lokið annarri þjálfun sem reglugerð um fiskeldi gerir kröfu til og það ætti að koma fram í sannprófun vegna atviksins.

Í sannprófun vegna atviks sem þessa þarf að fara yfir það skref fyrir skref hvor viðbragðsáætlun um strok hafi verið virkjuð, hvort aðgerðir hafi verið fullnægjandi, aðgerðir framkvæmdar innan uppgefinna tímamarka og hvort farið hafi verið eftir viðbragðsáætluninni í einu og öllu. Það er ekki gert í sannprófun rekstrarleyfishafa og ekkert fjallað um þann þátt er snýr að því að möskvastærð neta sem voru lögð út hafi verið of lítil fyrir þann lax sem var í eldiskvíunum umrætt sinn.

Þá kemur fram í sannprófuninni að viðbragðsáætlun um slyasleppingar hafi verið uppfærð og sé í lagi. Matvælastofnun bendir á að ekki er búið að uppfæra viðbragðsáætlunina að öllu leiti m.t.t. reglugerðarbreytingar sem gerðar hafa verið. Þannig er í viðbragðsáætlun rekstrarleyfishafa tekin bein tilvitnun til viðauka IV - slyasleppingar. Búið er að uppfæra umrædda umfjöllun og er ekki lengur gerð krafa um rökstuddan grun fyrir því að byrja að leita að orsökum og koma í veg fyrir að meira af fiski sleppi heldur nægir nú ástæða til að ætla að fiskur hafi sloppið.

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmunum þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíaeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.

Athugasemdir geta fengið þrenns konar vægi skv. eftirfarandi:

LS = Lagfært á staðnum:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem hægt er að lagfæra á meðan skoðun fer fram eða tilvikið það lítilfjörlegt að það verður augljóslega lagfært strax að lokinni skoðun.

F = Frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða. Skoðunarmaður metur umfang og alvarleika athugasemdar og metur frest til úrbóta út frá gefnum forsendum.

A = Alvarlegt frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur alvarlega frá ákvæðum laga, reglugerða, rekstrarleyfis eða þegar augljós hættu á slysasleppingu er fyrir hendi. Úrbótum skal ljúka að hámarki innan 7 virkra daga, en ef athugasemdin gefur tilefni til, er gripið til þvingunarúrræða strax. Athugasemdin krefst að jafnaði skjótrar eftirfylgni.

Eftirfylgni-, þvingunaraðgerðir:

Ef athugasemd sem fékk LS eða sambærileg er aftur til staðar í næstu skoðun, fær athugasemdin dæminguna F. Verklag eftirlitsmanna MAST er sem hér segir, þegar úrbætur eru ekki gerðar innan tilskilinnna fresta.

Athugasemd með F dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Úrbótum skal ljúka fyrir tilskilinn frest sem fram kemur í skoðunarskýrslu. Frestur til úrbóta er að hámarki 3 mánuðir, nema að um verulega umfangsmiklar framkvæmdir sé að ræða.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Veita má viðbótarfrest til úrbóta til skamms tíma, þó að hámarki 1 mánuð. Skoðunaratriði fær enn dóminn F en jafnframt er dæmt A í skoðunaratriði 6.1. Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli - lög nr. 71/2008)
- Heimsókn 3 – eftirfylgni: Skoðunaratriði fær dóminn F en dæmt er A í 6.1. Veittur er frestur lengst til 7 daga, andmælaréttur er veittur á vettvangi. Eftir það fær stjórnarsýslusvið MAST skoðunarskýrsluna og þvingunar-efitirfylgni (VRF-022) tekur við.

Athugasemd með A-dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Veittur frestur til úrbóta er lengstur 7 dagar, eða ef við á, fær stjórnarsýslusvið MAST skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022). Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli – lög nr. 71/2008). Andmælaréttur er veittur á vettvangi.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Skoðunaratriði fær dóminn A og jafnframt er dæmt A í skoðunaratriði 6.1. Stjórnarsýslusvið MAST fær skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022). Stjórnarsýslusvið MAST fylgir eftir skoðunarskýrslu vegna endurkomu og sem inniheldur dóminn A í 6.1. Stjórnarsýslusviðið stýrir framkvæmd þvingunar. Stjórnanda er kynnt ákvörðun um þvingunaraðgerðir. Mál sem komast á þetta stig fá síðan lögformlega meðhöndlun hjá MAST. [VRF-022]

Þvingunaraðgerðir geta t.d. verið:

- Dagsektir
- Úrbætur á kostnað rekstrarleyfishafa
- Afturköllun rekstrarleyfis